

A photograph of a family of three (a woman and two children) sitting on a mossy rock, looking out over a lake towards a sunset. The sun is low on the horizon, casting a warm glow over the scene. The sky is filled with soft, colorful clouds. The landscape features rolling hills and a calm body of water.

Innflytjendur, erlendir ríkisborgarar og flóttafólk árið 2025

SKÝRSLA FJÖLMENNINGARDEILDAR VINNUMÁLASTOFNUNAR
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR



VINNUMÁLA
STOFNUN

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3	Menntakerfið	16	Annað	26
Mannfjöldi á Íslandi 2025 og lýðfræðileg þróun.....	4	Leikskóli.....	16	Erlendir ríkisborgarar í sérstökum aðstæðum (ÚSA)	26
Hlutfall innflytjenda af íbúafjölda	4	Grunnskóli.....	17	Fátækt meðal innflytjenda.....	26
Aldursdreifing innflytjenda.....	5	Framhalds- og háskóli	19	Þolendur ofbeldis	27
Uppruni innflytjenda	6	Móttaka nemenda af erlendum uppruna og erlent móðurmál	20	Tungumál, aðgengi og þátttaka	27
Búseta innflytjenda	7	Framhaldsfræðslan, raunfærnimat og íslenskunámskeið ...	20	Viðhorf til innflytjenda	29
Erlendir ríkisborgarar og ríkisfangslausir	7	Mat á námi	21	Ráðgjafarþjónusta fyrir innflytjendur.....	29
Fjöldi erlendra ríkisborgara eftir búsetu og aldri	8	Umsóknir um vernd og veiting leyfa.....	22	Þróunarsjóður innflytjendamála	29
Nýir íslenskir ríkisborgarar	10	Umsóknir um alþjóðlega vernd	22	Heimildaskrá	30
Íslenskupróf til ríkisborgararéttar	10	Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd.....	23		
Ísland í norrænum samanburði	10	Fylgdarlaus börn.....	23		
Vinnumarkaðurinn	13	Verndarveitingar.....	24		
Atvinnuþátttaka.....	13	Vinnumiðlun og virkni flóttafólks á vegum Vinnumálastofnunar.....	25		
Atvinnuleyfi	14	Samræmd móttaka flóttafólks	25		
Atvinnuleysi	14				

INNGANGUR

Árið 2025 hélt fjölbreytileiki íslensks samfélags áfram að aukast og fólksflutningar yfir landamæri höfðu áfram veruleg áhrif á mannfjöldaþróun, vinnumarkað og samfélagsþróun landsins. Innflytjendur, erlendir ríkisborgarar og flóttafólk eru mikilvægur hluti íslensks samfélags og framlag þeirra hefur vaxandi þýðingu á fjölmörgum sviðum.

Í skýrslunni er dregin saman helsta tölfræði og þróun í málefnum innflytjenda, erlendra ríkisborgara og flóttafólks á Íslandi árið 2025. Fjallað er um mannfjöldaþróun, vinnumarkað, menntakerfið, umsóknir um alþjóðlega vernd og móttöku flóttafólks, auk annarra þátta sem varða stöðu og þátttöku fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Gögn skýrslunnar sýna að innflytjendum heldur áfram að fjölga, sérstaklega meðal fólks á vinnualdri, og að framlag þeirra til mannfjöldavaxtar og atvinnulífs landsins er umtalsvert. Jafnframt varpa niðurstöðurnar ljósi á þær áskoranir sem enn eru til staðar, meðal annars á sviði tungumála, menntunar, atvinnuöryggis og félagslegrar þátttöku.

Á árinu 2025 urðu breytingar á þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd í kjölfar áframhaldandi fækkunar umsókna um vernd. Samningum við Reykjavíkurborg, Reykjanesbæ og Hafnarfjarðarbæ um þjónustu við umsækjendur var sagt upp og þjónustan færðist að fullu til Vinnumálastofnunar. Jafnframt var samningur við Rauða krossinn á Íslandi um félagslegan stuðning við umsækjendur ekki endurnýjaður og tók Vinnumálastofnun við þeirri þjónustu. Þessar breytingar endurspeglar breytt umfang málaflokksins og aðlögun þjónustunnar að fækkandi umsækjendum.

Markmið skýrslunnar er að veita trausta yfirsýn yfir stöðuna og styðja við upplýsta stefnumótun, þróun þjónustu og samfélagslega umræðu um málefni innflytjenda, erlendra ríkisborgara og flóttafólks á Íslandi. Síðasta skýrsla var gefin út fyrir árið 2023 og má finna hana [hér](#).

Við lestur skýrslunnar er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga. Í skýrslunni er stuðst við skilgreiningar Hagstofu Íslands á innflytjendum, innflytjendum af annarri kynslóð og einstaklingum með erlendan bakgrunn. Mikilvægt er að hafa í huga að tölulegar upplýsingar geta ýmist byggt á ríkisfangi (í samanburði erlendra ríkisborgara og íslenskra ríkisborgara), fæðingarlandi eða uppruna eftir eðli viðkomandi gagna og því eru þessar breytur skýrðar nánar í upphafi skýrslu. Sem dæmi, þá getur innflytjandi verið með erlent ríkisfang, íslenskt ríkisfang eða bæði og er því ekki skilgreindur út frá ríkisfangi. Eftirfarandi eru [skilgreiningar Hagstofu Íslands](#):

Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur.

Fólk er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn.

MANNFJÖLDI Á ÍSLANDI 2025 OG LÝÐFRÆÐILEG ÞRÓUN


Lýðfræðileg þróun á Íslandi hefur á síðustu árum einkenst af hraðri fjölgun fólks af erlendum uppruna. Alþjóðlegir fólksflutningar hafa haft sífellt meiri áhrif á mannfjöldaþróun landsins og vegur framlag innflytjenda til íbúafjölgunar nú þyngra en áður. Þessi þróun endurspeglast bæði í fjölgun innflytjenda, vexti annarrar kynslóðar innflytjenda og auknum fjölda erlendra ríkisborgara hér á landi.

Hlutfall innflytjenda af íbúafjölda

Samkvæmt frétt [Hagstofu Íslands](#) voru íbúar alls 394.324 þann 1. janúar 2026. Þar af voru innflytjendur 77.226 eða 19,6% mannfjöldans. Hlutfall innflytjenda hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár, úr 18,2% árið 2023 í 18,9% árið 2024 og 19,6% árið 2025. Fjöldi einstaklinga af annarri kynslóð innflytjenda var 8.351, samanborið við 7.839 árið áður og 7.352 árið 2023. Jafnframt fjölgaði lítillega einstaklingum með annan erlendan bakgrunn en innflytjendur, og nam hlutfall þeirra 7,4% af mannfjöldanum (Hagstofa Íslands, 10. júní 2026).


Þróun síðustu ára sýnir að fólksfjölgun á Íslandi byggist í síauknum mæli á fjölgun fólks af erlendum uppruna. Á árunum 2023–2025 má rekja um 81% af heildarfjölgun íbúa til innflytjenda og annarrar kynslóðar innflytjenda, en um 19% til innlendra og þeirra sem eru með annan erlendan bakgrunn en innflytjendur (Hagstofa Íslands, 11. desember 2025).

Mannfjöldi eftir bakgrunni 2023–2025



Heimild: Hagstofa Íslands.

Fjölgun íbúa á Íslandi 2023–2025




Heimild: Hagstofa Íslands.

Aldursdreifing innflytjenda


Aldurssamsetning íbúa héraðs hefur tekið breytingum undanfarna áratugi, þar sem börnum hefur fækkað hlutfallslega og eldra fólki fjölgað. Aldurssamsetning innflytjenda er frábrugðin því sem sést meðal einstaklinga án erlends bakgrunns. Meirihluti innflytjenda er á vinnualdri og voru 63% þeirra á aldrinum 25–49 ára þann 1. janúar 2026. Til samanburðar voru börn (0–17 ára) 8% innflytjenda og einstaklingar 67 ára og eldri um 4% (Hagstofa Íslands, sótt 27. maí 2026).

Önnur kynslóð innflytjenda er hins vegar mun yngri hópur. Um 85% einstaklinga í þeim hópi voru á aldrinum 0–17 ára árið 2025. Hlutfallið er örlítið lægra en árin á undan, 87% árið 2024 og 89% árið 2023. Þessar tölur endurspeglar að innflytjendur flytja einkum til landsins á vinnualdri og að önnur kynslóð innflytjenda er enn að mestu skipuð börnum og ungmennum (Hagstofa Íslands, sótt 27. maí 2026).

Aldursdreifing eftir bakgrunni 1. janúar 2026



Aldurssamsetning eftir aldurshópum 2023-2025




Uppruni innflytjenda

Stærsti hluti innflytjenda á Íslandi kemur frá ríkjum innan EES, sem skýrist einkum af mikilli eftirspurn eftir vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði og rétti borgara EES-ríkja til frjálsrar farar og atvinnuþátttöku. Fjölmennasti hópur innflytjenda árið 2025 voru Pólverjar, líkt og undanfarin ár, en heildarfjöldi þeirra var 23.055 einstaklingar og því 29,9% allra innflytjenda. Næststærsti hópurinn er frá Úkraínu, 6,1%, og þriðji stærsti frá Litháen (4,9%) (Hagstofa Íslands, sótt 21. apríl 2026). Á mynd má sjá tíu fjölmennustu hópana á árinu.

Þá voru pólskir karlmenn 31,3% allra innflytjenda, eða 13.060 einstaklingar af 41.711. Næst fjölmennastir voru karlmenn frá Litháen (5,8%) og þriðju fjölmennustu voru rúmenskir karlmenn (5,6%). Pólskar konur voru fjölmennasti hópur kvenkyns innflytjenda, alls 9.995 eða 28,1% af heildinni. Þá voru konur frá Úkraínu næst fjölmennastar, 7%, og konur frá Filippseyjum þarnæst, 5,5%.

Fjölmennustu hópar innflytjenda á Íslandi eftir fæðingarlandi




Heimild: Hagstofa Íslands.

Heildarhlutfall kynja er nokkuð jafnt, þar sem hlutfall karla (54%) er örlítið hærra en hlutfall kvenna og kynsegin (46%), sem á einnig við um íbúa almennt hérlendis. Karlmenn eru almennt fleiri þegar fjöldi innflytjenda er skoðaður frá kyni, en í nokkrum tilfellum eru konur fleiri eins og sjá má á töflu yfir fjölmennustu hópa innflytjenda 2025 (Hagstofa Íslands, sótt 3. júní 2026).

Fjöldi innflytjenda út frá kyni 1. janúar 2026

	Karlar	Konur og kynsegin	Alls
Pólland	13060	9995	23055
Úkraína	2216	2503	4719
Litháen	2439	1362	3801
Rúmenía	2351	1019	3370
Filippseyjar	952	1937	2889
Lettland	1663	809	2472
Venesúela	1001	960	1961
Víetnam	857	957	1814
Þýskaland	489	1002	1491
Bandaríkin	684	758	1442
Portúgal	923	499	1422
Spánn	781	600	1381
Taíland	287	1001	1288
Alls	41711	35515	77226

Heimild: Hagstofa Íslands.



Búseta innflytjenda


Flestir innflytjendur (fyrsta og önnur kynslóð) búa á höfuðborgarsvæðinu eða 55.467 miðað við 1. janúar 2026, sem er 64,8% allra innflytjenda á landsvísu og í samræmi við þróunina hjá innlendum. Ef skoðað er hlutfall innflytjenda af íbúum svæðis, þá var hlutfall innflytjenda hæst á Suðurnesjum eða 34% af íbúum. Næst hæst var hlutfallið á Vestfjörðum eða 25,4% og þriðja hæsta á höfuðborgarsvæðinu (22%). Þá er hlutfallið lægst á Norðurlandi vestra (11,8%). Þegar höfuðborgarsvæðið er skoðað nánar, þá eru 26,7% íbúa í Reykjavík innflytjendur á meðan hlutfallið er 16% á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur (Hagstofa Íslands, sótt 4. júní 2026).

Erlendir ríkisborgarar og ríkisfangslausir

Samkvæmt Þjóðskrá voru 10.639 erlendir ríkisborgarar nýskráðir á árinu 2025 (Þjóðskrá, 2026). Heildarfjöldi erlendra ríkisborgara búsett hérlandis 1. janúar 2026 var 70.555 eða 17,9% af heildarmannfjölda. Fjöldi erlendra ríkisborgara hefur aukist lítillega síðustu ár, eða frá 16,6% árið 2023 (Hagstofa Íslands, sótt 28. maí 2026).

Samkvæmt frétt Hagstofunnar fluttust flestir erlendir ríkisborgarar til Póllands á árinu, eða 2.687 manns. Þaðan komu einnig flestir erlendir ríkisborgarar sama ár, eða 2.798 (19,9%) og næst flestir komu frá Úkraínu eða 1.131 manns (8%). Þá voru 31 einstaklingur skráður ríkisfangslaus árið 2025 (Hagstofa Íslands, 19. mars 2026).

Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara 2000 - 2026




Fjöldi erlendra ríkisborgara eftir búsetu og aldri

Hlutfall erlendra ríkisborgara miðað við heildarfjölda íbúa landshluta er hæst á Suðurnesjum, 33,1% íbúa, og næsthæst á Vestfjörðum, 24,3% íbúa, ef miðað er við tölur Þjóðskrár frá 1. desember 2025 yfir fjölda einstaklinga skráðir með búsetu hérlandis eftir ríkisfangi. Lægsta hlutfall íbúa með erlent ríkisfang er á Norðurlandi eystra og vestra, 12,8% í báðum landshlutum. Þá hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað í öllum landshlutum frá 2019, mest á Suðurnesjum eða um 9,5% og minnst á Norðurlandi vestra, um 4,3%.

Þegar tölur frá hverju sveitarfélagi fyrir sig eru skoðaðar, má sjá hversu breytilegt hlutfall erlendra ríkisborgara er milli hvers og eins þeirra. Samkvæmt tölum Þjóðskrár frá 1. desember 2025 er hlutfallið að jafnaði um 20,4% þegar horft er til allra sveitarfélaga, en hæst 67,4% (í Mýrdalshreppi), næsthæst í Skaftárhreppi (46,4%) og lægst 5,8% (í Sveitarfélaginu Skagaströnd).


Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir landsvæðum 2019-2025 (%)

1. des 2019 1. des 2020 1. des 2021 1. des 2022 1. des 2023 1. des 2024 1. des 2025




Heimild: Þjóðskrá, mynd unnin úr gögnum í frétt 15. janúar 2026. [Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir sveitarfélögum og landshlutum þann 1. des 2025.](#)

Hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúafjölda eftir sveitarfélögum á Suðurlandi 1. desember 2025



Heimild: Þjóðskrá, 15. janúar 2026. Gögn unnin úr [töflu](#) yfir fjölda erlendra ríkisborgara eftir sveitarfélögum þann 1. desember 2025.

Fjöldi erlendra ríkisborgara eftir aldurshópum 1. janúar 2026



Heimild: Hagstofa Íslands.

Þá er áhugavert að skoða einstaka landshluta með mikla breidd hlutfalls erlendra ríkisborgara milli sveitarfélaga innan þess. Til að mynda var hlutfall einstaklinga með erlent ríkisfang á höfuðborgarsvæðinu 20% í lok árs 2025. Í Reykjavíkurborg var hlutfallið hæst, 24,2%, og lægst í Kjósarhreppi, 7,6%. Þá má finna hlutfallslega mestan mun milli sveitarfélaga á Suðurlandi, en þar er Mýrdalshreppur með hæsta hlutfallið (67,4%) og Flóahreppur með það lægsta (8,7%).

Þegar aldurssamsetning einstaklinga með erlent ríkisfang er skoðuð, er aldursdreifing ólík því sem gerist meðal fólks af íslenskum uppruna eins og í tilfelli innflytjenda. Langflestir eru á aldrinum 25-49 ára eða 61% af heildarfjölda erlendra ríkisborgara (Hagstofa Íslands, sótt í maí 2026).

Nýir íslenskir ríkisborgarar

Árið 2025 fengu 1085 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt, þar af 583 konur og 502 karlar. Aldrei hafa fleiri fengið íslenskan ríkisborgararétt á einu ári. Mikil fjölgun var frá árinu á undan, þegar 706 fengu ríkisborgararétt. Flestir voru á aldursbilinu 35-39 ára eða 161 einstaklingar. Börn (0-19 ára) voru 345. Af þeim sem fengu íslenskt ríkisfang árið 2025 höfðu flestir áður verið með pólskt ríkisfang (199) og næstflestir með ríkisfang frá Filippseyjum (79). (Hagstofa Íslands, sótt 11.06.2026).

Tíu algengustu fyrri ríkisföng þeirra sem fengu íslenskan ríkisborgararétt.

2023		2024		2025	
Pólland	156	Pólland	110	Pólland	199
Taíland	40	Norðurlönd	38	Filippseyjar	79
Norðurlönd	32	Filippseyjar	37	Sýrland	64
Filippseyjar	32	Írak	30	Víetnam	49
Víetnam	32	Víetnam	24	Norðurlönd	46
Bretland	22	Taíland	22	Írak	38
Rússland	21	Sýrland	22	Úkraína	34
Bandaríkin	17	Bandaríkin	19	Bandaríkin	33
Spánn	17	Litháen	16	Rúmenía	32
Sýrland	17	Rússland	15	Rússland	31
Alls	649	706		1085	


Íslenskupróf til ríkisborgararéttar

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt eru haldin tvisvar á ári, að vori og hausti, og miðast við lokamarkmið í grunnnámi í íslensku fyrir útlendinga (240 stundir). Á vorönn 2025 þreyttu 617 prófið og náðu 89% þeirra prófinu. Á haustönn 2025 þreyttu 702 prófið og af þeim náðu 85% prófinu (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 2026).

Ísland í norrænum samanburði


Öldrun þjóðar, lækkingi frjósemi og þéttbýlismyndun eru sameiginleg lýðfræðileg þróunareinkenni Norðurlandanna. Þróun á Íslandi er að mörgu leyti í takt við þróun á öðrum Norðurlöndum. Frjósemi hefur farið lækkingi og hlutfall eldri borgara hækkar. Þéttbýli og höfuðborgarsvæði vaxa almennt hraðar en dreifbýli og strjálbýl svæði. Aftur á móti sker Ísland sig úr að nokkru leyti (Bobrinskaya og Niedomysl, 2026).

Íbúafjöldi á Norðurlöndunum var samtals 28,3 milljónir íbúa í upphafi árs 2025. Ísland, ásamt Færeyjum og Grænlandi, eru einungis rúm 2% af þeim fjölda. Þó heildarfjöldi innflytjenda hérlandis sé ekki mikill í samanburði við sum Norðurlandanna, þá hefur Ísland vaxið hlutfallslega mest í mannfjölda. Hér hefur verið ein hraðasta aukning innflytjenda á Norðurlöndunum á hvað stystum tíma, þar sem hlutfall íbúa fæddra erlendis hefur aukist úr 4,6% 1998 í 21,3% árið 2024 (Bobrinskaya og Niedomysl, 2026).




Heimildir: Hagstofa Íslands og Nordic Statistics database.

Frjósemi á Norðurlöndunum 2000-2024

Heimild: www.nordicstatistics.org

Þó mannfjölgun byggist í vaxandi mæli á innflytjendum fremur en náttúrulegri fjölgun, þá er frjósemi hærri hérlandis en hjá stærstu Norðurlöndunum (Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland). Frjósemi hefur almennt farið minnkandi á Norðurlöndunum undanfarin ár og er nú alls staðar undir þeim viðmiðum sem þarf til að viðhalda mannfjölda til lengri tíma, eða 2,1 barni á konu. Þróunin einkennist af lægri frjósemi, hærri aldri við fæðingu fyrsta barns og auknu hlutfalli barnlausra (Nordic statistics, 2025). Líkt og annars staðar á Norðurlöndum stendur Ísland frammi fyrir öldrun þjóðarinnar, en aldurssamsetning þjóðarinnar er þó enn yngri en víða annars staðar á Norðurlöndum, meðal annars vegna hærri frjósemi og aukins hlutfalls innflytjenda.

Frjósemi eftir ríkisfangi á Íslandi 2000-2025



Heimild: Hagstofa Íslands

Árið 2025 var frjósemi kvenna búsettra hérlandis 1,56 og hefur aldrei verið minni (eins og árið 2024). Þá er áhugavert að skoða frjósemi kvenna með íslenskt ríkisfang og kvenna með erlent ríkisfang. Frjósemi hjá konum með íslenskt ríkisfang var 1,78 og hafði aukist úr 1,77 frá fyrra ári, á sama tíma og frjósemi kvenna með erlent ríkisfang var 1,09 og hefur aldrei verið minna (Hagstofa Íslands, sótt 6. júlí 2026).

Á Íslandi búa 64,8% innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu, sem er í takt við það sem sést almennt á Norðurlöndunum þar sem mesti fjölbreytileikinn er gjarnan á þéttbýlissvæðum. Ólíkt flestum Norðurlöndunum, fyrir utan Noreg, er einnig áberandi aukning á dreifbýlissvæðum hérlandis. Þá er þróunin hér á landi, hvað varðar aukinn fjölbreytileika íbúasamsetningar á landsvísi, hvað hröðust sem skýrist fyrst og fremst af þörfinni fyrir erlent vinnuafli (Bobrinskaya og Niedomysl, 2026). Til að mynda er hlutfall erlendra ríkisborgara í Mýrdalshreppi rúmlega tveir þriðju af heildarfjölda íbúa á svæðinu, eða 67,4% þann 1. desember 2025, og hlutfall erlendra ríkisborgara í Skaftárhreppi tæpur helmingur íbúa (46,2%) (Þjóðskrá, 15. janúar 2026).


Hér má sjá töflu frá Þjóðskrá yfir þau 10 sveitarfélög sem eru með hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara í lok árs 2025. Gögnin sýna að hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara er að finna víða í fámennum sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins fremur en í stærstu þéttbýliskjörnum landsins. Sérstaklega á Suðurlandi, þar sem ferðaþjónusta, byggingariðnaður og tengdar þjónustugreinar hafa vaxið hratt og skapað mikla eftirspurn eftir vinnuafli. Sambærileg þróun sést í sjávarútvegsbyggðum þar sem fiskvinnsla og tengd starfsemi reiða sig í auknum mæli á erlent vinnuafli. Reykjanesbær sker sig úr að því leyti að þar fer saman hátt hlutfall og mjög mikill fjöldi erlendra ríkisborgara í stóru sveitarfélagi. Niðurstöðurnar benda til þess að erlendir ríkisborgarar gegni lykilhlutverki í atvinnulífi víða um land og hafi um leið veruleg áhrif á íbúaþróun margra sveitarfélaga.

Sveitarfélög með hæsta hlutfall erlendra ríkisborgara

Mýrdalshreppur	760	67,4%
Skaftárhreppur	342	46,2%
Bláskógabyggð	612	39,1%
Hrunamannahreppur	358	36,4%
Ásahreppur	118	35,2%
Reykjanesbær	8.665	35,2%
Súðavíkurhreppur	81	35,1%
Sveitarfélagið Hornafjörður	969	34,6%
Eyja- og Miklaholtshreppur	42	33,9%
Rangárþing eystra	750	33,2%

Heimild: Þjóðskrá, frétt 15. Janúar 2026. Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir sveitarfélögum og landshlutum þann 1. des 2025.

Hlutfallsleg breyting á upprunalandi erlendra íbúa 2025 miðað við 2017 (Ísland 2024 miðað við 2017)



Heimild: Nordic Statistics database * Evrópa önnur lönd eru lönd utan Evrópusambandsins, EFTA og Bretlands.

Þar að auki er samsetning hópsins önnur, þar sem stærstur hluti innflytjenda hérlandis kemur frá öðrum löndum innan EES. Samkvæmt Nordic Statistics (2025) hefur hlutfall innflytjenda af íbúafjölda aukist hérlandis um rúmlega 8% frá 2017 til 2025. Á sama tíma hefur hlutfall innflytjenda aukist um 3,8% í Finnlandi, 3,4% í Svíþjóð og 2,6% í Danmörku. Þá hefur hlutfallið aukist í flestum hópum einstaklinga hérlandis með erlendan bakgrunn, ef skoðuð er mynd af samanburði Íslands, Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar á árunum 2017-2025. Á það sér í lagi við um hlutfallslega fjölgun erlendra fæddra frá Evrópulöndum utan Evrópusambandsins, EFTA og Bretlandi, sem skýrist fyrst og fremst af fjölgun erlendra fæddra með bakgrunn frá Úkraínu.

VINNUMARKAÐURINN

Atvinnupátttaka

Atvinnupátttaka meðal innflytjenda á Íslandi er mjög há og mældist 88,7% árið 2025, samanborið við 85% fólks með íslenskan bakgrunn (Hagstofa Íslands, vinnumarkaðsrannsókn).


Innflytjendum á íslenskum vinnumarkaði fer fjölgandi ár frá ári. Árið 2025 var fjöldi starfandi innflytjenda að meðaltali 55.500, eða 24,6% af öllum starfandi á vinnumarkaði. Til samanburðar var hlutfallið 23,9% árið 2024 og 22,9% árið 2023. Hlutfall innflytjenda á íslenskum atvinnumarkaði hefur því undanfarin þrjú ár aukist um eitt prósentustig á milli ára.

Hlutfall starfandi með erlendan bakgrunn er mismunandi hátt eftir landssvæðum. Hæst var hlutfallið á Suðurnesjum, 37,5% en lægst á Norðurlandi vestra, 13,4%. Þá er munur á atvinnupátttöku innflytjenda eftir kyni, og er hann mestur á Suðurnesjum, eða 6% (Hagstofa Íslands, 2026).

Dreifing á milli atvinnugreina er ólík á milli innflytjenda annars vegar og innfæddra hins vegar. Þannig er til að mynda mun hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra sem starfar við ræstingar (11% á móti 1%), fiskvinnslu (5% á móti 1%), í ferðaþjónustu (12% á móti 6%) svo og í mótuneytum og á veitingahúsum (11% á móti 2%) (Varða, 2025).

Ástæða er til að hafa áhyggjur af ofmenntun innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði. Árið 2024 var ofmenntun einstaklinga með erlent ríkisfang mjög há hérlandis. Hæst var hún meðal einstaklinga með ríkisfang utan Evrópu (49%) og næstmest meðal einstaklinga með evrópskt ríkisfang (44%), miðað við einungis 12% meðal innfæddra. Ofmenntun meðal innfæddra er hér með því allra lægsta sem gerist í öðrum Evrópulöndum, einungis í Tékklandi (11%) og Lúxemborg (4,4%) er ofmenntun innfæddra lægri. Ísland er hins vegar í sjötta efsta sæti hvað varðar ofmenntun meðal einstaklinga með ríkisfang utan Evrópu, og í þriðja efsta sæti hvað varðar ofmenntun meðal einstaklinga með evrópskt ríkisfang (Eurostat, 2026).

Ofmenntun vinnuafls Skipting eftir upprunalandi




Heimild: Eurostat

Atvinnuleyfi

Árið 2025 voru útgefin 3.279 atvinnuleyfi og var það 8,6% aukning frá árinu á undan. Af þeim voru 1577 ný leyfi veitt og 1702 voru framlengd. Flest ný leyfi voru veitt erlendum námsmönnum (545), en athygli vekur að 46,5% aukning var í veitingu slíkra leyfa milli ára. Næstflest ný leyfi voru veitt vegna sérfræðipækkingar (314). Flest atvinnuleyfi voru veitt vegna starfa í opinberri þjónustu (821), veitingaþjónustu (443), svo og verslun og vöruflutningum (434). Fjölmennustu þjóðernin sem veitt voru atvinnuleyfi voru Filippseyjar (527), Bandaríkin (457) og Pakistan (245) (Vinnumálastofnun, apríl 2026).

Fjölmennustu þjóðerni veitt atvinnuleyfi árið 2025




Heimild: Vinnumálastofnun

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi jókst á árinu 2025. Heildar atvinnuleysi var 3,9%, samanborið við 3,5% árið 2024 og 3,3% árið 2023. Ef lítið er til fjölda atvinnulausra árið 2025 kemur í ljós að tæplega 8.090 voru atvinnulaus að meðaltali á mánuði og var það fjölgun um 890 manns frá fyrra ári (2024) þegar meðalfjöldinn var um 7.200 manns.

Atvinnuleysi mældist meira meðal erlendra ríkisborgara, heldur en Íslendinga, líkt og síðustu ár. Atvinnuleysi var að meðaltali 8,5% meðal erlendra ríkisborgara en 2,2% meðal Íslendinga á árinu. Þá voru meiri sveiflur í atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara, heldur en Íslendinga á milli mánaða. Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara sveiflaðist um næstum þrjú prósent, það var mest 10,2% en minnst 7,3%. Atvinnuleysi meðal Íslendinga sveiflaðist hins vegar einungis um 0,4 prósent, var mest 2,4% og minnst 2,0%.

Atvinnuleysi eftir uppruna: Íslenskt og erlent ríkisfang



Heimild: Vinnumálastofnun

Þá er áhugavert að skoða í hvaða atvinnugreinum atvinnuleysi er hæst meðal einstaklinga með erlent ríkisfang. Atvinnuleysi þessa hóps er mest innan byggingastarfsemi og mannvirkjagerðar (733, eða 15%) og næstmest í veitingaþjónustu (562, eða 12%).

Atvinnulausir með erlent ríkisfang eftir atvinnugreinum árið 2025

Atvinnugrein	Fjöldi	%
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	733	15
Veitingaþjónusta	562	12
Verslun og vöruflutningar	551	11
Gistiþjónusta	486	10
Ýmis þjónustustarfsemi	456	10
Iðnaður	441	9
Ferðaþjónusta ýmis	316	7
Opinber þjónusta, fræðsla, heilbr. og fél.þjón	259	5
Fiskveiðar, -eldi og -vinnsla	244	5
Aðrar greinar og óvíst	750	16
Alls	4.798	100

(Vinnumálastofnun, janúar 2026)



MENNTAKERFIÐ

Á öllum skólastigum hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað á Íslandi undanfarin ár og fjölbreytileiki nemendahópsins aukist. Menntun og tungumálafærni eru lykilþættir í gagnkvæmri aðlögun innflytjenda og barna þeirra, og hafa áhrif á námsárangur og þátttöku í samfélaginu til lengri tíma. Á sama tíma er það ein af stærstu áskorunum Íslands þegar kemur að börnum innflytjenda, samkvæmt OECD (2024; 2025). Þá eru samfélög, og það hversu inngildandi þau eru, metin út frá því hvernig annarri kynslóð innflytjenda vegnar jafnt efnahagslega og félagslega til lengri tíma (Félags- og húsnæðismálaráðuneytið, mars 2026). OECD hefur jafnframt bent á að meðal helstu veikleika hérlandis, fyrir utan slaka tungumálafærni, sé veruleg vannýting á menntun og hæfni innflytjenda á vinnumarkaði sem hafi í för með sér meðal annars efnahagslegt tap og vannýtingu mannauðs (OECD, 2025).


Leikskóli

Skólaárið 2024-2025 voru alls 2.675 börn af 20.228 innflytjendum (737) eða önnur kynslóð innflytjenda (1.938) á leikskólum eða 13% allra leikskólabarna. Þar af voru drengir örlítið fleiri en stúlkur. Börn innflytjenda voru flest á aldrinum 4-5 ára og börn af annarri kynslóð innflytjenda voru flest á aldrinum 3-5 ára, sem er í samræmi við börn innlendra.


Þátttaka barna af erlendum uppruna í leikskólastarfi er þó lægri en meðal annarra barna. Miðað við mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 1. janúar 2025 sóttu 77% barna sem teljast innflytjendur og 76% barna af annarri kynslóð innflytjenda leikskóla. Til samanburðar var hlutfallið 90% meðal barna á aldrinum 1–5 ára sem ekki hafa erlendan bakgrunn (Hagstofa Íslands, 10. júní 2026). Þetta er í samræmi við niðurstöður OECD frá 2024, þar sem fram kemur að þátttaka barna af erlendum uppruna í leikskólastarfi sé almennt minni en hjá öðrum börnum á Íslandi, þrátt fyrir að rannsóknir sýni jákvæð áhrif leikskólagöngu á málþroska og námsárangur þessa hóps (OECD, 2024).

Á sama skólaári voru 3.361 börn með erlent móðurmál í leikskólum, eða um 17% allra leikskólabarna. Þar af voru 1.768 drengir og 1.593 stúlkur. Um 74% barnanna voru á aldrinum 3–5 ára og stærstu aldurshóparnir voru fjögurra og fimm ára börn, sem bendir til aukinnar þátttöku eftir því sem líður á leikskólaaldurinn (Hagstofa Íslands, 10. júní 2026).

Fjöldi barna á leikskóla eftir bakgrunni skólaárið 2024-2025



Hlutfall barna 1-5 ára sem sækir leikskóla, eftir bakgrunni. Miðað við skólaárið 2024-2025 og mannfjöldatölur 1. janúar 2025



Heimild: Hagstofa Íslands.


Börn með erlent móðurmál í leikskólum 2024-2025

Á fyrsta ári	1
1 árs	243
2 ára	629
3 ára	805
4 ára	822
5 ára	861
Alls	3361

Heimild: Hagstofa Íslands.

Alls voru 2.309 leikskólabörn með erlent ríkisfang. Meirihluti þeirra kom frá Austur-Evrópu (54,8%), en næstfjölmennustu hóparnir voru börn með ríkisfang frá Asíu (15,2%) og Eystrasaltslöndum (8,8%). Samanlagt mynduðu þessi svæði 79% allra barna með erlent ríkisfang í leikskólum. Samsetning hópsins endurspeglar ennfremur fjölbreyttan uppruna barna á íslenskum leikskólum (Hagstofa Íslands, 10. júní 2026).

Börn í leikskólum með erlent ríkisfang skólaárið 2024-2025




Heimild: Hagstofa Íslands.

Grunnskóli

Á skólaárinu 2024–2025 voru 7.002 grunnskólanemendur með innflytjendabakgrunn, eða 15% allra grunnskólanemenda. Þar af voru 3.968 innflytjendur og 3.034 af annarri kynslóð innflytjenda. Kynjahlutföll voru nokkuð jöfn, þó drengir væru örlítið fleiri en stúlkur (Hagstofa Íslands, 10. júní 2026).

Nemendur með erlent ríkisfang voru 11% allra grunnskólanemenda og höfðu alls 107 mismunandi þjóðerni. Fjölmennasti hópurinn var frá Póllandi (1.745 nemendur), þar á eftir komu nemendur frá Úkraínu (437), Venesúela (390), Litháen (283) og Vietnam (261).

Hlutfall nemenda í grunnskólum landsins eftir bakgrunni - Skólaárið 2024-2025




Heimild: Hagstofa Íslands.

Ríkisfang grunnskólanemenda 2024-2025	Fjöldi
Ísland	41794
Pólland	1745
Úkraína	437
Venesúela	390
Litháen	283
Víetnam	261
Sýrland	182
Palestína	173
Rúmenía	159
Lettland	130
Írak	121
Filippseyjar	120
Aðrir	1367
Alls	47162

Heimild: Hagstofa Íslands.

Nemendur í grunnskólum með erlent móðurmál eftir bekk 2024-2025	Fjöldi
1. bekkur	579
2. bekkur	724
3. bekkur	758
4. bekkur	797
5. bekkur	762
6. bekkur	771
7. bekkur	846
8. bekkur	782
9. bekkur	795
10. bekkur	847
Alls	7661

Heimild: Hagstofa Íslands.



Nemendum með erlent móðurmál hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár. Skólaárið 2024–2025 voru þeir 7.661 talsins, eða 16,2% allra grunnskólanemenda, sem er hæsta hlutfall sem mælst hefur. Fjöldinn dreifðist nokkuð jafnt milli árganga, þó flestir væru í 7. og 10. bekk. Algengasta erlenda móðurmál grunnskólanema var pólska (rúmlega 2.200 nemendur), þá spænska (rúmlega 600 nemendur) og þar á eftir arabíska (tæplega 600 nemendur) (Hagstofa Íslands, 10. júní 2026).

Fjölbreytileiki nemenda af erlendum uppruna birtist einnig í sértækum námsúrræðum innan grunnskólakerfisins. Haustið 2025 voru 15 nemendur með erlendan bakgrunn skráðir í táknmálsdeild Hlíðaskóla, þar af 12 börn innflytjenda og 3 börn af annarri kynslóð innflytjenda. Nemendum með erlendan bakgrunn í deildinni hefur fjölgað á síðustu árum, en árið 2023 voru þeir 8 talsins (Hlíðaskóli, 2026).


Framhalds- og háskóli

Haustið 2025 voru erlendir ríkisborgarar 9,6% allra nemenda á framhalds- og háskólastigi. Hlutfallið hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár, úr 8,2% árið 2023 og 9,0% árið 2024. Á sama tíma fækkaði íslenskum ríkisborgurum í námi en erlendum ríkisborgurum fjölgaði. Hæst var hlutfall erlendra ríkisborgara á doktorsstigi, þar sem þeir voru 47% nemenda. Flestir erlendir nemendur á framhalds- og háskólastigi voru með pólskt ríkisfang (679), en þar á eftir komu nemendur frá Filippseyjum (250), Þýskalandi (233) og Bandaríkjunum (232). Meðal nemenda með erlent ríkisfang voru konur hlutfallslega fleiri en karlar, 56,3% árið 2025 og á háskólastigi voru þær 62% hópsins (Hagstofa Íslands, 10. júní 2026).


Þegar horft er til uppruna nemenda voru alls 4.846 innflytjendur og 1.060 nemendur af annarri kynslóð innflytjenda skráðir í nám á framhalds- og háskólastigi haustið 2025, eða 13,4% af heildarföldanum. Flestir voru skráðir í nám á háskólastigi, nánar tiltekið 2.658 á háskólastigi og 370 á doktorsstigi (Hagstofa Íslands, sótt 2. júlí 2026).

Samkvæmt OECD eru konur stærri hluti nýnema á háskólastigi hér á landi (59%) en að jafnaði í OECD-ríkjum (54%) (OECD, 9. september 2025). Konur voru í meirihluta í framhalds- og háskólanámi í heildina, hvort sem er konur með innlendan bakgrunn eða innflytjendabakgrunn, og voru þær alls 54% af heildarfjölda nemenda. Þegar horft er á kynjahlutfall innflytjenda af fyrstu og annarri kynslóð, þá eru konur 57% og karlmenn 43% af heildarfjölda innflytjenda. Þegar mismunandi stig framhalds- og háskólanáms eru skoðuð, sést að karlmenn eru hlutfallslega fleiri á viðbótarstigi en konur annars fleiri á hinum stiginum, og þá sér í lagi á háskólastigi eða 64% innflytjenda (Hagstofa Íslands, sótt 2. júlí 2026).


Fjöldi nemenda á framhalds- og háskólastigi eftir ríkisfangi 2023-2025



Fjöldi innflytjenda eftir námsstigum á framhalds og háskólastigi – veturinn 2025-2026



Hlutfall innflytjenda eftir kyni á mismunandi stigum framhalds- og háskólanáms 2025-2026



Heimild: Hagstofa Íslands.

Móttaka nemenda af erlendum uppruna og erlent móðurmál

Á undanförunum árum hafa stjórnvöld og skólayfirvöld aukið markvisst stuðning við nemendur af erlendum uppruna og fjöltyngda nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægur áfangi í þeirri þróun var innleiðing þróunarverkefnisins **Menntun, móttaka og menning (MEMM)** árið 2024. Markmið verkefnisins er að samræma móttöku og menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leik-, grunn- og framhaldsskólum, sem og í frístundastarfi. Verkefnið felur meðal annars í sér ráðgjöf, stuðning við skólasamfélagið og þróun kennslugagna með það að markmiði að efla inngildingu og tryggja jafnan aðgang að námi (Berlina, A., Guðmundsdóttir, H., og Tybjerg, J. K., 2025).



Í framhaldsskólum hefur jafnframt orðið aukning í sértækum námsúrræðum fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Árið 2024 voru þrjár nýjar íslenskubrautir settar á fót á framhaldsskólastigi til að styrkja íslenskukunnáttu og auðvelda þátttöku í reglulegu námi, í Kvennaskólanum í Reykjavík, Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og Menntaskólanum á Ísafirði (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 1. júlí 2024). Haustið 2025 hóf svo Fjölbrautaskólinn við Ármúla nýtt lotunám fyrir innflytjendur, ætlað einstaklingum sem eru nýkomnir til landsins. Í náminu er lögð áhersla á íslenskukennslu, fræðslu um íslenskt samfélag og undirbúning fyrir frekara nám eða þátttöku á vinnumarkaði (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 3. október 2025).

Þessi þróun bendir til þess að á síðustu árum hafi orðið veruleg efling á móttöku- og stuðningsúrræðum fyrir nemendur af erlendum uppruna. Áhersla er í auknum mæli lögð á tungumálanám, samræmda móttöku og markvissan stuðning til að stuðla að virkri þátttöku nemenda í námi og samfélagi. Í áfangaskýrslu MEMM verkefnisins frá 2025, kemur fram skýr árangur í uppbyggingu sérfræðiteymis, þróun verkfæra og stuðningsefnis og kortlagning á stöðu fjöltyngdra nemenda á framhaldsskólastigi. Helstu áskoranir sem komu fram voru að þrátt fyrir jákvæð áhrif á þátttöku og íslenskufærni nemenda á íslenskubrautunum, skorti á sama tíma samræmt námsmat, námskrá og námsefni. Þá kom meðal annars fram í samtali við 13 sveitarfélög á landinu að hér skorti samræmda stefnu og verkferla, skortur sé á sérfræðingum, fjármagn sé ónógt og stuðningur við starfsfólk með innflytjendabakgrunn til að efla íslenskufærni takmarkaður (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2025).

Framhaldsfræðslan, raunfærnimat og íslenskunámskeið

Ólíkt hinum Norðurlöndunum er engin formleg inngildingar áætlun fyrir innflytjendur og flóttafólk. Þó eru til staðar þættir eins og samfélagsfræðsla og íslenskukennsla fyrir fullorðna innflytjendur, en almennt er ekki til staðar réttur til gjaldfrjálsrar íslenskukennslu nema í tilfelli flóttafólks og atvinnuleitenda sem geta fengið ákveðinn fjölda námskeiða til íslenskukennslu. Þá hafa stéttarfélög mætt kostnaði námskeiða að einhverju leyti fyrir innflytjendur á vinnumarkaði (Berlina, A., Guðmundsdóttir, H., og Tybjerg, J. K., 2025).

Til að mæta þessari áskorun eru meðal annars veittir styrkir til íslenskukennslu fyrir útlendinga, til að gefa þeim tækifæri til að öðlast færni í íslensku og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Samkvæmt ársskýrslu RANNÍS voru alls 294,3 milljónum króna úthlutað til 21 verkefnis árið 2025, en það er hækkun um 33 milljónir króna frá fyrra ári. Fyrirtæki og stofnanir buðu samtals 858 námskeið fyrir 10.028 þátttakendur með þeim styrkjum, sem er aukning um 64 námskeið og 696 nemendur frá fyrra ári (RANNÍS, 2026).

Samkvæmt ársskýrslu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins frá 2025 kemur fram að 2.934 einstaklingar hafi lokið námi hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á árinu og er það 9% fjölgun milli ára. Framhaldsfræðslan nær til allra landshluta og þátttaka í námi dreifð um landið. Innflytjendur voru 56% þátttakenda og því meirihluti þeirra sem luku námi á landsvísi. Á árunum 2021-2025 hefur samsetning nemenda sem sækja framhaldsfræðslu orðið sífellt fjölbreyttari, þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara jókst úr 31% í 56% og hlutfall íslenskra ríkisborgara lækkaði samsvarandi. Þá var hlutfall erlendra ríkisborgara sem luku námi á árinu hæst á Vestfjörðum (82%) og lægst á Austurlandi (30%).

Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara sem ljúka námi eftir landssvæðum 2025

Landsvæði	Ísl. ríkisfang	Erl. ríkisfang
Höfuðborgarsvæðið	31%	69%
Vesturland	37%	63%
Vestfirðir	18%	82%
Norðurland	53%	47%
Austurland	70%	30%
Suðurland	60%	40%
Suðurnes	61%	39%
Allt landið	44%	56%

Heimild: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, unnið úr gögnum í ársskýrslu 2025, bls. 13.

Flestir þátttakenda með annað móðurmál en íslensku sóttu nám samkvæmt námsleiðinni Íslenska og atvinnulíf og námskránni Að lesa og skrifa íslensku. Þá voru flestir í starfsnámi. Fólk með erlent ríkisfang voru 13% af þátttakendum raunfærnimats á árinu, sem er aukning frá fyrra ári (10%) og svipað og árið 2023 (12%). Raunfærnimat gefur fólki tækifæri til að fá hæfni sína metna til styttingar á námi eða á móti hæfnikröfum starfs. Þá voru erlendir ríkisborgarar 31% þátttakenda sem nýttu sér ráðgjöf um nám og störf (upplýsingagjöf, hvatning og stuðningur til símenntunar). Flestir þeirra komu frá Póllandi, Úkraínu og Palestínu. Hlutfallið hefur farið úr 19% árið 2021 og áhersla á málefni innflytjenda almennt í ráðgjöf aukist (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2026).

Mat á námi

Mat á erlendu námi gegnir einnig mikilvægu hlutverki fyrir aðgengi innflytjenda að námi og vinnumarkaði. Skrifstofa ENIC/NARIC sinnir akademísku mati á erlendu námi fyrir háskóla, ráðuneyti, stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki. Hjá skrifstofunni eru gögn um menntun talin eftir því landi sem þau eru gefin út í, en ekki eftir þjóðerni umsækjenda. Árið 2025 bárust ENIC/NARIC-skrifstofunni 4.608 mál, sem er fjölgun frá fyrri árum. Eru það öll mál sem berast skrifstofunni sem og mat á námi fyrir umsóknir erlendra nemenda í Háskóla Íslands. Flest mál tengdust námi frá Pakistan (390), Bandaríkjunum (355), Nígeríu (337) og Póllandi (305) (ENIC/NARIC, 2026).

Mat á erlendu námi eftir námslandi

Land	Fjöldi
Pakistan	390
Bandaríkin	355
Nígería	337
Pólland	305
Gana	217
Úkraína	184
Filippseyjar	165
Þýskaland	136
UK	121
Danmörk	114
Spánn	96
Aðrir	2.188
Alls	4.608

Heimild: ENIC/NARIC

UMSÓKNIR UM VERND OG VEITING LEYFA

Umsóknir um alþjóðlega vernd


Alls sóttu 1.749 einstaklingar um vernd á Íslandi árið 2025 samkvæmt vef Útlendingastofnunar. Það er fækkun umsókna frá árinu áður (2024) þegar 1.944 einstaklingar sóttu um vernd. Eins og sjá má í töflu hefur umsóknum fækkað stöðugt frá ári til árs allt frá árinu 2022 þegar fjöldinn var í sögulegu hámarki.

Eins og undanfarin ár voru langflestir þeirra sem sóttu um vernd frá Úkraínu, eða 1.087 einstaklingar. Þeim hefur þó fækkað frá árinu 2024, þegar 1.235 Úkraínumenn sóttu hér um vernd. Árið 2025 varð sú breyting að næst stærsti hópur umsækjenda var frá Palestínu (183 einstaklingar), en einstaklingar frá Venesúela voru næststærsti hópurinn árið á undan (2024).


(Útlendingastofnun, janúar 2023, 2024 og 2025)

Stærsti aldurshópur umsækjenda um vernd árið 2025 voru einstaklingar á aldrinum 18-34 ára, 844 einstaklingar, sem er næstum helmingur hópsins í heild (48%). Karlar voru mun fleiri í þessum aldurshópi eða 548 (65%) og konur 296 (35%). Börn voru einungis um 16% af heildarfjölda umsækjenda um vernd (Útlendingastofnun, janúar 2026).

Fjöldi umsækjenda



Þjóðerni umsækjenda



Heimild: Útlendingastofnun



Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Eins og fram kemur hefur komið hefur orðið stöðug fækkun í hópi umsækjenda um vernd frá upphafi árs 2024 allt til ársloka 2025. Þar með hefur fækkað einstaklingum í þjónustu Vinnumálastofnunar. Í upphafi árs 2024 voru umsækjendur í þjónustu stofnunarinnar 2.800, en hafði fækkað niður í rúmlega 1.500 í upphafi árs 2025. Í lok þessa árs voru umsækjendur í þjónustu síðan orðnir rúmlega 800. Í takt við þessa þróun hefur búsetuúrræðum fyrir hópinn fækkað. Þau voru í upphafi árs 2025 15 talsins en einungis 8 í lok ársins.

Vegna þessarar miklu fækkunar sagði Vinnumálastofnun upp samningi við sveitarfélög um þjónustu við umsækjendur um vernd í apríl 2025. Allir umsækjendur eru því nú í þjónustu á vegum stofnunarinnar. Á árinu rann einnig út samningur Vinnumálastofnunar um félagslega virkni við Rauða krossinn á Íslandi og var ákveðið að endurnýja hann ekki. Stofnunin heldur því alfarið utan um virkni umsækjenda um vernd.

Velferðarteymi er starfandi fyrir umsækjendur, í því eru þrír hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafi, sérfræðingur og aðstoðarmaður. Velferðarteymið sinnir yfir 80% af heilsutengdum erindum innan hópsins, sem léttir mikið álagi á heilbrigðiskerfinu (Vinnumálastofnun, apríl 2026).

Fylgdarlaus börn

Fylgdarlaus börn sem sóttu um vernd á árinu voru 33, sem er nánast sami fjöldi eins og árið 2024 þegar 32 börn sóttu um vernd. Mikill meirihluti umsækjenda árið 2025 voru drengir, eða tæplega 73%. Langflest þeirra komu frá Úkraínu (22), næstflest frá Venesúela (8). Þá sóttu tvö börn frá Afganistan um vernd og eitt frá Kólumbíu (Útlendingastofnun, febrúar 2026).

Verndarveitingar

Eins og undanfarin ár voru Úkraínumenn langflestir þeirra sem hlutu vernd. Veitt mannúðarleyfi vegna fjöldaflótta frá Úkraínu voru 973. Af þeim sem hlutu vernd vegna fjöldaflótta frá Úkraínu voru kynjahlutföll nokkuð jöfn, eða karkyns (karlar og drengir) 57% og kvenkyns 43% (konur og stúlkur).


Af þeim umsóknum sem fengu efnislega meðferð árið 2025 voru 178 veitingar og 221 synjun. Af þeim 178 sem fengu vernd voru flestir frá Palestínu eða 91. Þetta er breyting frá síðustu þremur árum þegar einstaklingar frá Venesúela voru langflestir þeirra sem fengu vernd eftir efnislega meðferð. Flestum var synjað við efnislega meðferð frá Venesúela eða 97 og næstflestum frá Kólumbíu (22).

Af þeim sem hlutu vernd eftir efnismeðferð voru karlar (og drengir) í miklum meirihluta, eða 67% á meðan konur (og stúlkur) voru aðeins 33%. Flestir af þeim sem hlutu vernd eftir efnismeðferð voru á aldrinum 18-34 ára. Hvað varðar tegund verndar var flestum veitt viðbótarvernd, eða 104 einstaklingum, mannúðarleyfi fengu 52 einstaklingar og einungis 22 einstaklingum var veitt alþjóðleg vernd (samkvæmt 1. málsgrein 37. greinar laga um útlendinga nr. 80, 2016).


Áhugavert er að skoða verndarveitingar í samhengi við heildar dvalarleyfisveitingar Útlendingastofnunar, en á árinu veitti stofnunin rúmlega 9.000 dvalarleyfi (Útlendingastofnun, janúar 2026).

Dvalarleyfis- og verndarveitingar

Dvalarleyfisveitingar



Verndarveitingar



Heimild: Útlendingastofnun

Vinnumiðlun og virkni flóttafólks á vegum Vinnumálastofnunar

Það fækkaði í hópi flóttamanna í þjónustu hjá Vinnumiðlun og virkni hjá Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu, en þeir voru 1315 árið 2025 samanborið við 1499 árið 2024. Þar af voru 803 sem komu nýir í þjónustu á árinu. Fjölmennasti hópurinn í þjónustu voru Úkraínumenn (52%), næstflestir voru einstaklingar frá Venesúela (15,4%) og þar á eftir frá Palestínu (13,4%). Á árinu hófu 478 úr þessum hópi störf og gerðir voru 70 starfsþjálfunarsamningar við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu með milligöngu Vinnumálastofnunar. Greitt var fyrir 2510 pláss á íslenskunámskeið fyrir flóttafólk.

Þjónusta við flóttafólk fór einnig fram hjá þjónustuskrifstofum VMST á landsbyggðinn. Þar voru skráðir 254 flóttamenn í atvinnuleit árið 2025. Eins og á höfuðborgarsvæðinu komu langflestir þeirra frá Úkraínu, eða 171. Keypt voru 519 íslenskunámskeið fyrir flóttamenn á landsbyggðinni. (Vinnumálastofnun, apríl 2026).



Samræmd móttaka flóttafólks

Alls voru 1.927 flóttamenn paraðir við móttökusveitarfélög í samræmdri móttöku flóttafólks árið 2025. Alls voru 13 sveitarfélög með samning við félags- og húsnæðismálaráðuneytið um samræmda móttöku. Flestir voru paraðir við Reykjavík (tæplega 50%), Hafnarfjörð (19%), Reykjanesbæ (11%) og Akureyri (6%).

Breytingar urðu á hámarksfjölda pláss í samræmdri móttöku, sum sveitarfélög fjölguðu plássum en önnur fækkuðu. Í heildina fjölgaði plássum um 340 frá árinu 2024. Í lok ársins 2025 voru heildarpláss í samræmdri móttöku 3.509 talsins og var nýtingin um 85% (Vinnumálastofnun, apríl 2026).

Fjöldi parana í samræmda móttöku eftir sveitarfélögum

Reykjavík	947
Hafnarfjörður	362
Reykjanesbær	214
Akureyri	118
Kópavogur	90
Árborg	44
Garðabær	42
Borgarbyggð	37
Akranes	35
Ísafjörður	25
Mosfellsbær	8
Vestmannaeyjar	4
Hornafjörður	1
Samtals	1927

ANNAÐ

Erlendir ríkisborgarar í sérstökum aðstæðum (ÚSA)

Erlendir ríkisborgarar án lögheimilis hérlandis sem ekki eiga ekki möguleika á að fara úr landi eða framfleyta sér tímabundið á landinu án aðstoðar stjórnvalda geta sótt um aðstoð hjá sveitarfélögum, sem síðan sækja um endurgreiðslu þessa kostnaðar frá Vinnumálastofnun. Árið 2025 bárust til stofnunarinnar umsóknir frá 10 sveitarfélögum vegna 58 einstaklinga. Langflestar voru frá Reykjavíkurborg, eða 77% af heildarfjölda umsókna (Vinnumálastofnun, apríl 2026).


Fátækt meðal innflytjenda

Efnahagsleg staða innflytjenda er lakari heldur en innfæddra. Þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku eru tekjur innflytjenda mun lægri en innfæddra. Tæplega 40% innflytjenda eru með atvinnutekjur sem eru 499 þúsund krónur eða lægri, en einungis tæplega 20% innfæddra. Hlutfall innflytjenda er einnig hærri í næsta tekjuflokki, með 500-749 þúsund krónur. 37% innflytjenda tilheyra þessum hópi á móti 28% innfæddra. Þegar komið er í næsta tekjuflokk fyrir ofan (750-999 þúsund krónur) snýst þetta við. Þar eru innfæddir fleiri, eða 26% á móti 16% innflytjenda (Varða, 2025).

Fjöldi innflytjenda býr við fátækt. Í skýrslu Háskóla Íslands (september, 2025) kemur fram að fátækt er mun algengari meðal innflytjenda, þar sem 19,5% þeirra eru undir lágtekjumörkum, miðað við 7,9% innfæddra. Ef skoðað er tímabilið frá aldamótum til ársins 2023 má sjá að bilið á milli innflytjenda og innfæddra hefur verið að aukast síðustu ár.

Árlegt lágtekjuhlutfall meðal fólks með erlendan bakgrunn hækkaði á fjögurra ára tímabili og var rúmlega 15% árið 2020 en hafði aukist í tæplega 20% árið 2023. Á meðal fólks með íslenskan bakgrunn var lágtekjuhlutfall mun lægra og lækkaði einnig á sama tímabili. Það var tæplega 9% árið 2020 en hafði lækkað í tæplega 8% árið 2023.

Atvinnutekjur á mánuði fyrir skatta og önnur gjöld eftir uppruna.




Heimild: Varða

Hlutfall undir lágtekjumörkum eftir uppruna

	Íslenskur bakgrunnur	Erlendur bakgrunnur
2020	8,9%	15,4%
2021	8,5%	15,8%
2022	8,6%	16,8%
2023	7,8%	19,5%

Heimild: Háskóli Íslands

Árlegt lágtekjuhlutfall 2000-2023 eftir bakgrunni.



Afleiðingar af mikilli fátækt meðal innflytjenda eru miklar, þar sem fátækt hefur viðtæk áhrif á lífsgæði og líðan fólks. Samkvæmt niðurstöðum úr skýrslu meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB býr herra hlutfall fólks með lágar heimilistekjur við slæma líkamlega heilsu. Hlutfallið minnkar síðan eftir því sem tekjurnar hækka. Þannig metur rúmlega fimmtungur (23%) þeirra sem eru í lægsta tekjuhópnum (undir 499 þúsund) líkamlega heilsu sína vera frekar eða mjög slæma. Hlutfallið er svipað í næsta tekjuhópi fyrir ofan (500-749 þúsund) eða 21%. Hlutfallið fer síðan lækkandi eftir því sem tekjurnar hækka. Hlutfall þeirra sem meta líkamlega heilsu sína vera frekar eða mjög slæma er einungis 10% í hópi þeirra sem eru með heimilistekjur frá 1.750-1.900 þúsund (Varða, 2025).

Þá er sérstakt áhyggjuefni að herra hlutfall barna af erlendum uppruna búa á heimilum sem eru undir lágtekjumörkum. Hlutfallið er langhæst meðal barna sem sjálf eru innflytjendur, og mældist það 22% árið 2023. Þetta hlutfall hefur farið hækkanði undanfarin ár. Meðal íslenskra barna er hlutfallið mun lægra, eða 8% og hefur það farið lækkandi undanfarin ár. Börn sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda eru svo þarna mitt á milli, en 14% þeirra búa við heimilistekjur undir lágtekjumörkum. Fátækt er mest meðal þeirra barna sem hafa dvalið styst á landinu og er lágtekjuhlutfall langhæst meðal barna sem hafa einungis dvalið hér á landi í 1-3 ár (Háskóli Íslands, 2025).

Þolendur ofbeldis

Samkvæmt ársskýrslu Kvænnaathvarfsins frá 2025 kemur fram að fjöldi kvenna sem sótti þjónustu til athvarfsins voru 136 og komu frá 58 löndum, en hlutfallið var 64% íslenskar konur og 36% konur af erlendum uppruna. Þar af var meirihluti kvenna frá löndum utan EES eða 22% og 14% kvenna voru frá löndum innan EES. Er það breyting frá árinu 2023, þar sem konur voru 131 og frá 45 löndum og 29,7% þeirra af erlendum uppruna (18,8% utan EES og 10,9% innan EES).

Þegar horft er til þess hvort konur voru í dvöl eða komu í viðtöl, þá var meirihluti kvenna í dvöl af erlendum uppruna (69%) á meðan konur sem komu í viðtöl voru fleiri íslenskar. Er það í takt við tölur frá 2023, þar sem fleiri konur af erlendum uppruna voru í dvöl en innlendar. Getur það skýrst af því að konur með erlendan bakgrunn eigi síður tengslanet sem grípur þær ef þær búa við ofbeldi á heimili sínu (Kvænnaathvarfið, 2026).

Samkvæmt ársskýrslu Bjarkarhlíðar (2025), voru 12% notenda þjónustunnar af erlendum uppruna, rúm 6% utan EES og tæp 6% innan EES. Í þeim málum þar sem uppruni geranda lá fyrir, voru langflestir gerendur íslenskir eða 76%, og 18% af erlendum uppruna (10% utan EES og 8% innan EES). Þá voru brotaþolar sem sóttu þjónustu Stígamóta í heild 236 á árinu, þar af 4,2% með blandað þjóðerni og 9,3% frá öðrum löndum. 86,4% voru Íslendingar og er hlutfallið líkt því sem hefur verið undanfarið ár (Stígamót, 2026).

Tungumál, aðgengi og þátttaka

Tungumálakunnátta og aðgengi að upplýsingum eru lykilforsendur þátttöku og inngildingar innflytjenda, flóttafólks og afkomenda þeirra í íslensku samfélagi. Rannsóknir sýna að takmörkuð íslenskukunnátta getur haft neikvæð áhrif á námsárangur, félagslega þátttöku, aðgengi að þjónustu og tengsl fólks við samfélagið (Berlina, A., Guðmundsdóttir, H., og Tybjerg, J. K., 2025). Þá varar OECD (2024) við því að menntunarlegur og félagslegur ójöfnuður geti færst milli kynslóða án markviss stuðnings á sviði tungumála og menntunar. Þá hefur OECD einnig bent á þörf fyrir heildstæða stefnu á landsvísi í íslenskukennslu fyrir innflytjendur, sem og mun lægri opinber fjárframlög til tungumálanáms hér en í nágrannalöndunum, sem hindri þátttöku á vinnumarkaði jafnt sem félagslega aðlögun til lengri tíma (OECD, 2025)

OECD (2024) bendir á að staða barna með innflytjendabakgrunn sé ein helsta langtímaáskorun Íslands í gagnkvæmri aðlögun. Börn af erlendum uppruna ná að jafnaði lakari árangri í námi en jafnaldrar með innlenda foreldra og meira en helmingur þeirra telst til lágárangurshóps í PISA. OECD telur tungumálakunnáttu skýra stóran hluta þess og bendir á að bilið í lesskilningi milli



barna sem tala íslensku heima og þeirra sem gera það ekki sé það stærsta meðal OECD-ríkja. Jafnframt er þátttaka barna af erlendum uppruna í leikskólastarfi minni, sem getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar þar sem leikskólaganga hefur jákvæð áhrif á málþroska, námsárangur og félagslega þátttöku. Í nýlegri skýrslu um stöðu annarrar kynslóðar innflytjenda á Norðurlöndunum, er ítrekað mikilvægi þess að börn komist snemma í leikskóla og það umhverfi sem stuðlar að tungumálafærni þeirra, þar sem tungumálakunnátta sé ein mikilvægasta forsenda árangurs barna innflytjenda (Dahlström, 2026).

Samkvæmt skýrslu OECD (2025) upplifa börn af annarri kynslóð innflytjenda sig síður tilheyra skólasamfélaginu en íslenskir jafnaldrar þeirra. Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2025 sýna jafnframt að grunnskólanemendur af erlendum uppruna upplifa oftast einmanaleika, einelti og minna öryggi í skólaumhverfinu en aðrir nemendur. Þeir meta félagslegan stuðning og tengsl verr, þótt afstaða þeirra til náms sé almennt jafn jákvæð og hjá öðrum (Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, 2025). Sambærilegt mynstur kemur fram á framhaldsskólastigi, þar sem nemendur af erlendum uppruna greina frá lakari heilsu, minni félagslegum stuðningi og minni þátttöku í félagslífi skóla (Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, 2026).

Tungumálahindranir hafa einnig áhrif á fullorðna innflytjendur og flóttafólk. Takmörkuð íslenskukunnátta er einn stærsti þátturinn sem hamlar frekari samfélags- og atvinnuþátttöku. Samkvæmt OECD töldu aðeins um 18% innflytjenda sig hafa náð góðri færni í íslensku, sem er lægsta hlutfall meðal OECD-ríkja (OECD, 2024). Hjá eldra fólki af erlendum uppruna tengist íslenskukunnátta sterkari félagslegri þátttöku, betra aðgengi að upplýsingum og aukinni þekkingu á réttindum og þjónustu. Könnun Félagsvísindastofnunar um einangrun eldra fólks gefur vísbendingar um að eldri innflytjendur upplifa meiri félagslegan og tilfinningalegan einmanaleika en fólk af íslenskum uppruna, þrátt fyrir svipaða félagslega virkni. Þeir sem búa yfir lakari íslenskukunnáttu eiga einnig oftast erfitt með að nálgast upplýsingar og lýsa frekar fjárhagsáhyggjum (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2023).

Döff innflytjendur og flóttafólk standa frammi fyrir sérstökum áskorunum í samskiptum og aðgengi að upplýsingum og þjónustu. Félag heyrnarlausra veita ráðgjöf og stuðning í millitúlkunar verkefnum til döff einstaklinga af erlendum uppruna og nýttu 62 einstaklingar þjónustu hjá þeim á árinu sem er aukning frá árinu áður. Flestir voru frá Úkraínu og 15 þeirra undir 18 ára. Um 25% hópsins telst vera með mikla þjónustuþörf, vegna viðkvæmrar stöðu félagslega og/ eða andlega og takmarkana vegna málskilnings, lestrargetu og við að vinna úr upplýsingum. Þá jókst þörf fyrir ráðgjöf og upplýsingagjöf á árinu meðal einstaklinga sem fengu ekki alþjóðlega vernd samþykkt og höfðu takmörkuð önnur úrræði til stuðnings (Félag heyrnarlausra, 2026).

Í heild sýna niðurstöður að tungumálakunnátta, aðgengi að upplýsingum og félagsleg þátttaka eru nátengdir þættir sem móta stöðu innflytjenda og flóttafólks á öllum æviskeiðum. Markvissar aðgerðir til að efla tungumálafærni, bæta upplýsingaaðgengi og styrkja félagslega þátttöku eru því lykilforsendur aukinnar inngildingar og jafnra tækifæra.

Viðhorf til innflytjenda

Í lok árs 2025 framkvæmdi Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands Þjóðmálakönnun sína þar sem þátttakendur voru spurðir um afstöðu til innflytjenda og innflytjendamála. Markmið könnunarinnar er að kanna afstöðu Íslendinga til innflytjendamála og breytingu á henni frá fyrri könnunum. Er þetta fjórða fyrirlögnin, en sambærilegur listi var einnig lagður fyrir árin 2017, 2019 og 2023. Niðurstöður könnunarinnar veita því góðar upplýsingar um þróun viðhorfa til innflytjenda og innflytjendamála yfir níu ára tímabil. Meðal þeirra spurninga sem lagðar voru fyrir eru eftirfarandi:

- Finnst þér að það ætti að auka eða draga úr fjölda innflytjenda sem koma til Íslands?
- Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að innflytjendur hafi almennt góð eða slæm áhrif á íslenskan efnahag?
- Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að innflytjendur auðgi eða grafi undan menningunni á Íslandi?

Niðurstöður sýna að hlutfall þeirra sem telja að það ætti að auka mikið eða nokkuð fjölda innflytjenda sem koma til Íslands hefur farið minnkandi yfir tímabilið. Hlutfallið var 36% árið 2017 en var komið niður í 12% árið 2025. Sömuleiðis hefur aukist hlutfall þeirra sem telja að það ætti að draga mikið eða nokkuð úr fjölda innflytjenda sem koma til Íslands. Hlutfallið var 34% árið 2017 en hafði tvöfaldast árið 2025 og var komið í 68%.

Þróunin er sú sama varðandi viðhorf til áhrifa innflytjenda á íslenskan efnahag, þótt breytingarnar séu minni hvað það varðar. Hlutfall þeirra sem telja innflytjendur hafa slæm áhrif á efnahag var 19% árið 2017 en hafði aukist í 31% árið 2025. Sömuleiðis hafði minnkað nokkuð hlutfall þeirra sem telja innflytjendur hafa góð áhrif á efnahag, hlutfallið var 59% árið 2017 en hafði minnkað í 52% árið 2025.

Það sama á við um viðhorf til áhrifa innflytjenda á menninguna á Íslandi. Hlutfall þeirra sem telja að innflytjendur grafi undan menningunni var 21% árið 2017 en hafði aukist í 39% árið 2025. Sömuleiðis hafði minnkað hlutfall þeirra sem telja að innflytjendur auðgi menninguna, það var 61% árið 2017 en hafði minnkað í 44% árið 2025. Niðurstöður könnunarinnar sýna því svo ekki verður um villst að viðhorf til innflytjenda hefur versnað til muna frá árinu 2017-2025 (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2025).

Ráðgjafarþjónusta fyrir innflytjendur

Víðtæk ráðgjafarþjónusta var veitt innflytjendum hjá Fjölmennningardeild Vinnumálastofnunar árið 2025. Fjölbreyttur hópur ráðgjafa starfaði hjá deildinni sem býr yfir mjög víðtækri tungumálakunnáttu; íslensku, ensku, pólsku, ukráínsku, spænsku, arabísku, ítölsku, frönsku og rússnesku. Alls bárust 1.072 fyrirspurnir frá innflytjendum á árinu, en einnig voru veittar upplýsingar og ráðgjöf varðandi málefni innflytjenda til stofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja (Vinnumálastofnun, apríl 2026).

Þróunarsjóður innflytjendamála

Markmið [Þróunarsjóðs Innflytjendamála](#) er að efla þróunarverkefni og rannsóknir í málefnum innflytjenda, sem auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi sem og samfélaginu að mæta þörfum þeirra betur. Þá er lögð áhersla á að verkefnin séu í samræmi við stefnu ríkisstjórnar um aðlögun innflytjenda. Árið 2025 voru veittir styrkir til 28 verkefna sem ætlað er að stuðla að virkri notkun tungumáls, þátttöku innflytjenda og innlendra á jafningjagrundvelli og að auka skilning og samkennd milli innlendra og innflytjenda á vinnustöðum og í framhalds- og háskólanámi (Félags- og húsnaðismálaráðuneytið, 2025).

HEIMILDASKRÁ

Berlina, A., Guðmundsdóttir, H., & Tybjerg, J. K. (2025). Policy frameworks for migrant integration in the Nordic countries 2025: An overview (Nord 2025:038). Nordic Council of Ministers.
<https://doi.org/10.6027/nord2025-038>

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, 2025. Ársskýrsla 2025.
[Ársskýrsla 2025.pdf](#)

Bobrinskaya, M. og Niedomysl, T. (ritstj.). (2026). State of the Nordic Region 2026. Nordregio.
<https://doi.org/10.6027/R2026:2.1403-2503>

Dahlström, S. (2026). Conference report: How is the second generation doing? Nordic Council of Ministers.
<https://doi.org/10.6027/temanord2026-511>

ENIC/NARIC, tölvupóstur 18.02.26

Eurostat, sótt 3. júní, 2026. Migrant integration statistics - over-qualification: Over-qualification rate by EU countries and citizenship.
https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Migrant_integration_statistics_-_over-qualification

Félag heyrnarlausra, tölvupóstur 13.05.2026

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið, 10. desember 2025.
[Stjórnarráðið | 28 verkefni hljóta styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála](#)

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið, mars 2026. Staða og þróun í málefnum innflytjenda 2022-2025. Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra til Alþingis. [Staða og þróun í málefnum innflytjenda 2022-2025 skýrsla_radherra_til_Alþingis.pdf](#)

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2023. Einangrun eldra fólks: Greining á einangrun og einmanaleika eldra fólks eftir uppruna. Könnun unnin fyrir Félag- og vinnumarkaðsráðuneytið.
<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit-skyslur-og-skrar/Ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur%20k%C3%B6nnunar%20F%C3%A9lagsv%C3%ADsindastofnunar.html>

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2025. Afstaða almennings til innflytjendamála.
[Könnun á netpanel Félagsvísindastofnunar. Afstaða til innflytjendamála 2025.pdf](#)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2026. Ársskýrsla 2025.
[Arsskýrsla2025_FA_A4.indd](#)

Hagstofa Íslands, frétt 10. júní 2026.
[Mannfjöldi eftir bakgrunni - Hagstofa Íslands](#)

Hagstofa Íslands, frétt 11. desember 2025.
[Mannfjöldi eftir bakgrunni 1. janúar 2025 - Hagstofa Íslands](#)

Hagstofa Íslands, sótt 27. maí 2026.
[Mannfjöldi eftir bakgrunni, kyni og aldri 1996-2026. PxWeb](#)

Hagstofa Íslands, 2024. Mannfjöldi eftir bakgrunni 1996-2024.
[Mannfjöldi eftir bakgrunni 1. janúar 2024 - Hagstofa Íslands](#)

Hagstofa Íslands, sótt 15. maí 2026. Veiting íslensks ríkisfangs eftir fyrra ríkisfangi, kyni og aldri 1991-2024.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Rikisfbr/MAN04119.px/

Hagstofa Íslands, sótt 21. apríl 2026.
[Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2026. PxWeb](#)

Hagstofa Íslands, sótt 3. júní 2026.
[Íbúar fæddir erlendis eftir bakgrunni, kyni og fæðingarlandi 1996-2026. PxWeb](#)

Hagstofa Íslands, sótt 4. júní 2026. Innflytjendur eftir kyni og sveitarfélagi 1. janúar 1996-2026.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Uppruni/MAN43005.px/?rxid=926b6f81-49e2-4c83-a2ac-8bb94eb66064

Hagstofa Íslands, sótt 28. maí 2026.
[Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi 1998-2026. PxWeb](#)

Hagstofa Íslands, frétt 19. mars 2026.
[Búferlaflutningar 2025 - Hagstofa Íslands](#)

Hagstofa Íslands, sótt 18. júní 2026.
[Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi 1998-2026. PxWeb](#)

Hagstofa Íslands, sótt 18. Júní 2026.
[Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi 1998-2026. PxWeb](#)

Hagstofa Íslands, sótt 6. júlí 2026. Frjósemi eftir ríkisfangi móður 1998-2025.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_Faeddirdanir_Faaddir_faedingar/MAN05303.px

Hagstofa Íslands, 10. júní 2026. Nemendur eftir bakgrunni á leik-, grunn-, framhalds-, og háskólastigi. Gögn tekin saman af Hagstofu Íslands að beiðni Vinnumálastofnunar.

Hagstofa Íslands, sótt 2. júlí 2026. Nemendur ofan grunnskóla eftir skólastigi, aldri, bakgrunni og kyni 1997-2025.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_0_yfirlit_yfirlit/SKO00012.px

Hagstofa Íslands, vinnumarkaðsrannsókn.
[Vinnumarkaðsrannsókn - Hagstofa Íslands](#)

Háskóli Íslands, september 2025, Staða fólks af erlendum uppruna: Samfélagslegur kostnaður vegna fátæktar - Skýrsla II. Herdís Steingrimsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson, Halldór S. Guðmundsson, Kjartan Ólafsson.
<https://www.stjornarradid.is/library/?itemid=0db0f73f-c16a-11f0-b897-005056bcde1f>

Hlíðaskóli, tölvupóstur 12.05.2026.

Kvennaathvarfið, 2026. Ársskýrsla samtaka um kvennaathvarf 2025.
<https://kvennaathvarf.is/wp-content/uploads/2026/04/Arsskyrsla-Kvennaathvarf-2025-1.pdf>

Mennta- og barnamálaráðuneytið, 1. júlí 2024. Nýjar íslenskubrautir fyrir nemendur af erlendum uppruna.
[Stjórnarráðið | Nýjar íslenskubrautir fyrir nemendur af erlendum uppruna](#)

Mennta- og barnamálaráðuneytið, 3. október 2025. Nýtt lotunám fyrir innflytjendur strax við komu.
[Stjórnarráðið | Nýtt lotunám fyrir innflytjendur strax við komu](#)

Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2025 (október). Þróunarverkefnið MEMM – menntun, móttaka, menning. Áfangaskýrsla. Stjórnarráðið.
[afangaskýrsla-MEMM-24-25 - Copy \(1\).pdf](#)

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands (2025). Íslenska æskulýðsrannsóknin: Landsskýrsla; Farsældarvísar grunnskóla vorönn 2025.
<https://doi.org/10.33112/AOLY9088>

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands (2026). Íslenska æskulýðsrannsóknin: Framhaldsskólakönnun 2025-2026.
<https://doi.org/10.33112/UXUB3805>

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, tölvupóstur 29.01.2026.

Nordic Statistics, 12. desember 2025. Integration and migration data update: Significant rise in Ukrainian population across the Nordics.
[Nordic Statistics database](https://www.oecd.org/en/publications/skills-and-labour-market-integration-of-immigrants-and-their-children-in-iceland_96adc300-en.html)

OECD (2024), Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland, Working Together for Integration, OECD Publishing, Paris,
https://www.oecd.org/en/publications/skills-and-labour-market-integration-of-immigrants-and-their-children-in-iceland_96adc300-en.html

OECD (2025), State of immigrant integration: Nordic countries.
[https://www.oecd.org/content/dam/oecd/en/topics/policy-issues/migration/Sii2025%20Nordic%20countries%20\(ENG\)--v2.pdf](https://www.oecd.org/content/dam/oecd/en/topics/policy-issues/migration/Sii2025%20Nordic%20countries%20(ENG)--v2.pdf)

OECD (9. september 2025). Education at a Glance2025: Iceland. Country note.
https://www.oecd.org/en/publications/education-at-a-glance-2025_1a3543e2-en/iceland_e320e2ea-en.html

Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís, 2026. Ársskýrsla 2025. [Ársskýrsla Rannís 2025](#)

Stigamót, 2026. Ársrit 2025.
<https://stigamot.is/wp-content/uploads/2026/05/Arsrit2025-1.pdf>

Útlendingastofnun, janúar 2023. Tölfræði verndarsviðs Útlendingastofnunar - Árið 2022.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6iBz1zUuaMsuvYj0iM2Mh3/3322d942cf44d83c805fa46521146865/T_lfr_i_verndarsvi_s_2022.pdf

Útlendingastofnun, 2023. Ársskýrsla Útlendingstofnunar 2023.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/3pZWVWxahthO0s4Cynx6xcN/Saa dc2afa7ad616829ad959085776936/%C3%81rssk%C3%BDrsla_2023.pdf

Útlendingastofnun, janúar 2024. Myndraen tölfræði verndarsviðs Útlendingastofnunar - Árið 2023.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/7D7sJ2bQzVVDmmf3oauULA/c48688ef3a98e950870ee8a4331431fa/T_lfr_i_verndarsvi_s_2023.pdf

Útlendingastofnun, 2024. Ársskýrsla Útlendingstofnunar 2024.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/5CyHqZqLPw2h8sV5NJl9yB/57f6bb7126f1b191ecb57d596f328572/%C3%83_rssk%C3%83_rsla_2024.pdf

Útlendingastofnun, janúar 2025. Myndraen tölfræði verndarsviðs Útlendingastofnunar - Árið 2024.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2rqOXROXw7zneGGCmfCY0P/da5902767701fe821a15db4efb854a43/T%C3%B6fr%C3%A6%C3%B0i_verndarsvi%C3%B0s_2024.pdf

Útlendingastofnun, 2025. Ársskýrsla Útlendingstofnunar 2025.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/1CzbrAHdBrLuLtAuFUShNc/523fcb5671aef010a4c97f3e8c01f17/%C3%83_rssk%C3%83_rsla_2025.pdf

Útlendingastofnun, janúar 2026. Myndraen tölfræði verndarsviðs Útlendingastofnunar - Árið 2025.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2BUU94lFlfCt56vftQEwtL/cc75331fb43bc903300d8ce057afed04/T%C3%83_lfr%C3%83_%C3%83_i_verndarsvi%C3%83_s_2025.pdf

Útlendingastofnun, febrúar 2026. Tölfræði verndarsviðs Útlendingastofnunar - Árið 2025.
<https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/3vwtksDw4UtaMfeSUJ4WYj/fc8fdd6699a2006a75e0e0432b3648de6/tolfraedi-verndarsvids-2025.xlsx>

Varða, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, október 2025. Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB.
https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_8c3cc1cfecb34a9ca4a07fecce8c6d75.pdf

Vinnumálastofnun, janúar 2026. Íslenskur vinnumarkaður 2025, talnagögn.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/STZq56lC3QTYiCri6l4s3Z/c825041c354efb11fb5f15001666c2ea/Sk%C3%83_rsla_um_st%C3%83_u_vinnumarka%C3%83_ar_2026_01_-_g%C3%83_gn.xlsx

Vinnumálastofnun, janúar 2026. Íslenskur vinnumarkaður árið 2025: Innlendur vinnumarkaður á liðnu ári og horfur fyrir árið 2026.
<https://downloads.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2ztZrwzMTM9lKQkQzmOfVU/4bc1d35d1e3292e5a6fae4d00344b56c/VMST-Vinnumarkadur-2025-270126-02.pdf>

Vinnumálastofnun, apríl 2026. Ársskýrsla Vinnumálastofnunar 2025.
https://downloads.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/ylghvNK2r1cc7wXM44kZm/97b3608fed39c1c73f50e84537864b3c/%C3%83_rssk%C3%83_rsla_2025.pdf

Þjóðskrá, 2026. Ársskýrsla 2025
<https://www.skra.is/um-okkur/utgafur-og-skjol/arsskyrslur/arsskyrsla-2025/>

Þjóðskrá, 15. janúar 2026. Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir sveitarfélögum og landshlutum þann 1. des 2025.
<https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2026/01/15/Hlutfall-erlendra-rikisborgara-eftir-sveitarfelogum-og-landshlutum-thann-1.-des.-2025/>



SEPTEMBER 2026